

Grunnskóli Húnaþings vestra Framtíðarskipan skólamála

Húnaþing vestra Unnið fyrir sveitarstjórn

Samantekt

Inngangur

- Með vísan til samþykktar sveitarstjórnar tók skýrsluhöfundur að sér að gera skýrslu og tillögur um mögulega samþættingu skólastarfs í Húnaþingi vestra.

Tala íbúa

- Á tímabilinu 2004 til 2013 fækkar íbúum í Húnaþingi vestra samtals um 102 sem samsvarar um 8% fækkun.
- Á árinu 2013 voru íbúarnir 1.177 en 1.279 árið 2004.

Fjöldi nemenda í grunnskóla og skólahald

- Grunnskólakennsla fer nú fram á þremur stöðum í Húnaþingi vestra.
- Á Borðeyri er rekinn grunnskóli ásamt leikskóla og er leikskólastjóri Leikskólans Ásgarðs yfirmaður alls skólastarfs á Borðeyri.
- Á Borðeyri er nemendum kennt í fyrsta til fjórða bekk grunnskólans.
- Kennsla í Grunnskóla Húnaþings vestra fer fram á tveimur stöðum.
- Kennsla í fyrsta til fjórða bekk fer fram í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga og í fimmta til 10. bekk fer fram á Laugarbakka.
- Á yfirstandandi skólaári eru nemendurnir 161 í Grunnskóla Húnaþings vestra.
- Þannig eru þeir einungis tveimur færri en þeir voru 2004, eða hlutfallsleg fækkun um 2,5%, sem er mun lægra hlutfall en fækkun í heildarfjölda íbúa á tímabilinu, sem var 8%.
- Á yfirstandandi skólaári eru nemendurnir í fyrsta til fjórða bekk á Borðeyri 8 en voru 9 árið 2004.
- Heildarfjöldi nemenda í grunnskólum Húnaþings vestra var 178 árið 2004 en 169 árið 2013. Þannig fækkaði þeim um níu á tímabilinu, eða um 5,1%, sem er lægra hlutfall en íbúafjöldinn í heild fækkaði um.
- Eins og tafla 5 sýnir fækkar nemendum á skólaskyldum aldri fram til ársins 2018 miðað við aldursskiptingu íbúa Húnaþings vestra í janúar 2013.
- Gera má ráð fyrir að á tímabilinu muni fjöldinn breytast frá þessu, m.a. vegna þess að fólk mun flytja til og frá sveitarfélaginu, þannig að erfitt er að spá fyrir um hver þróunin verður nákvæmlega.
- Hins vegar má gera ráð fyrir að öllu óbreyttu að nemendum muni ólíklega fara fjölgandi frá því sem nú er.
- Þannig er rétt að meta húsnæðisþörfina út frá þeirri meginforsendu.

Húsnæði grunnskólans á Hvammstanga

- Eftir viðræður við skólastjórnendur í sveitarfélaginu og skoðun á húsnæðinu á Hvammstanga var það sameiginleg niðurstaða að núverandi húsnæði grunnskólans á Hvammstanga væri fullnægjandi fyrir grunnskólann a.m.k. næstu ár.
- Þannig væri mögulegt að hýsa allan grunnskólann í Húnaþingi vestra í sama húsnæði.
- Þó má gera ráð fyrir að næstu ár verði skólahald fyrir 1. til 4. bekk áfram á Borðeyri.
- Samkvæm tillögu Bjarna Þórs Einarssonar er ekkert því til fyrirstöðu að húsnæði grunnskólans á Hvammstanga geti hýst um 160 nemendur.
- Hann hefur m.a. framkvæmt rýmisþörf fyrir hvern nemanda og er niðurstaða hans að húsnæðið geti rúmað um 160 nemendur með ákveðnum breytingum.
- Eins og fram kemur á fylgiskjali 2 er áætlaður kostnaður við breytingar á húsnæðinu skv. tillögu Bjarna Þórs Einarssonar samtals 16.621.034 kr.
- Ljóst er að skv. þessum tillögum mun draga úr aðstöðu til tónlistarkennslu í húsnæði grunnskólans.
- Þó skal ekki útilokað að hægt sé að koma tónlistarkennslu fyrir í húsnæðinu að einhverju leyti.

Allt skólahald á Hvammstanga, hagræðing

- Ljóst er að ýmis konar hagræðing mun nást með því að hafa allt skólahald Grunnskóla Húnaþings vestra, sem nú fer fram á Laugarbakka og Hvammstanga, á einum stað.
- Um er að ræða bæði kennslufræðilega hagræðingu og kostnaðarlega. Vinnuaðstaða kennara mun batna mikið og þar með að þurfa ekki að fara á milli Hvammstanga og Laugarbakka eins og nú er.
- Einnig má gera ráð fyrir að kennslu verði betur fyrir komið í einu húsnæði en tveimur.
- Kostnaðarlega eru einkum þrír útgjaldaliðir sem hér skipta mál. Í fyrsta lagi er það kostnaður við rekstur húsnæðisins á Laugarbakka.
- Samtals gera þessir liðir, þ.e. hiti, rafmagn og gjaldfærsla hjá eignarsjóði, 8.460 þús. kr.
- Í öðru lagi er aksturskostnaður.
- Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Húnaþings vestra kostaði skólaakstur á milli Hvammstanga og Laugarbakka 6.365 þús. kr. árið 2013.
- Jafnframt fellur til kostnaður vegna aksturs kennara á milli Laugarbakka og Hvammstanga, sem myndi sparast fari öll kennslan fram á Hvammstanga. Skv. upplýsingum frá skólastjóra var kostnaður vegna þessa samtals 1.908 þús. kr. árið 2013.

- Samtals er kostnaðar vegna aksturs, sem myndi sparast að stórum hluta fari öll kennsla fram á Hvammstanga, 8.273 þús. kr.
- Í þriðja lagi má gera ráð fyrir hagræðingu í starfsmannafjölda við grunnskólann með rekstri á einum stað.
- Gert er ráð fyrir að fjöldi stöðugilda kennara verði sá sami. Hins vegar er gert ráð fyrir að öðrum stöðugildum fækki um 4,24.
- Samkvæmt upplýsingum frá launafulltrúa sveitarfélagsins eru meðal árslaun með launatengdum gjöldum hjá skólaliða 3.630 þús. kr.
- Miðað við 4,24 stöðugildi má gera ráð fyrir að hagræðingin af fækkun um þessi stöðugildi sé samtals 15.391 þús. kr. miðað við heilt ár.
- Eins og tafla 10 sýnir gæti hagræðingin af því að vera með allt skólahlald á Hvammstanga verið allt að 32.123 þús. kr. Gerður er fyrirvari á þessu, sbr. framanritað.

Leikskólinn Ásgarður

- Leikskólinn Ásgarður er þriggja deilda leikskóli með fjölbreytta vistunarmöguleika, allt frá 4 til 8 klst. daglega.
- Aðalsetur skólans er við Garðaveg 7, Hvammstanga. Þar eru tvær deildir, eldra stig og yngra stig.
- Á Borðeyri er þriðja deildin. Einnig er starfræktur grunnskóli á Borðeyri.
- Börn geta hafið leikskólagöngu frá eins árs aldri.
- Á Borðeyri er leikskóli og grunnskóli samrekinn. Leikskólastjóri er því jafnframt skólastjóri yfir grunnskólakennslunni sem þar fer fram.
- Eins og tafla 11 sýnir og verði ekki breyting á fer börnum í skólanum á Borðeyri nokkuð fækkandi á næstu árum og þá sérstaklega eftir skólaárið 2016 til 2017.
- Þannig má ljóst vera að fljótlega þarf að taka ákvörðun um hvað verður með áframhaldandi skólahlald á Borðeyri.
- Flest voru heilsdagsígildin á leikskólanum árið 2007, eða 63,4, en voru komin niður í 38,8 árið 2013.
- Árið 2007 var reist viðbygging við skólann og gert er ráð fyrir að hann geti hýst allt að 73 börn miðað við fjölda fatahólfa.
- Eins og tafla 12 sýnir voru 40 börn á leikskólanum s.l. haust en nú í febrúar 2014 eru 41 á tveimur leikskóladeildum á Hvammstanga.
- Þannig er ljóst að húsnæði skólans er nægilegt miðað við stöðuna nú og auðvelt að fjölga þar börnum.
- Það er mat skýrsluhöfundar að mikil hagræðing, bæði kostnaðarleg og kennslufræðileg, geti fylgt því að sameina grunn- og leikskóla í eina stofnun. Með því fást m.a. samlegðaráhrif af nýtingu starfsmanna, samfelld skólaganga nemenda

o.fl.

- Hins vegar er frumskilyrði fyrir slíkum samruna að mati skýrsluhöfundar að hægt sé að hýsa grunn- og leikskóla í sama húsnæði eða á sömu skólalóð, þannig að hægt sé að koma við samlegðaráhrifum.
- Það er niðurstaða bæjarstjórans í Seyðisfjarðarkaupstað eftir að horfið var frá því að vera með sameiginlega yfirstjórn yfir grunn- og leikskóla, að bæði stjórnun og faglegur þáttur skólasterfsins batnað.
- Einnig hafi reynst dýrara að vera með sameiginlega yfirstjórn.

Tónlistarskóli Húnaþings vestra

- Kennsla við tónlistarskólann hefur farið fram á fjórum stöðum.
- Tónlistarskólinn hefur haft tvær tónlistarstofur (kennslustofur) til afnota í grunnskólanum á Hvammstanga. Einnig hefur skólinn haft afnot af almennum kennslustofum.
- Á Laugarbakka hefur skólinn haft til afnota þrjár til fjórar stofur. Um er að ræða heimavistarherbergi. Í húsnæði tónlistarskólans eru þrjár kennslustofur.
- Þar sem húsnæði grunnskólans á Hvammstanga og Laugarbakka hefur ekki verið full nýtt hefur tónlistarskólinn notið nokkurrar sérstöðu með aðstöðu í húsnæði grunnskólans.
- Sumir nemendur tónlistarskólans eru teknir úr tímum í grunnskólanum til að fara í tónlistartíma og fer þá kennslan fram í húsnæði grunnskólans.
- Er þetta misoft hjá nemendum og sumir eru aldrei teknir úr tíma í grunnskólanum vegna tónlistarskólans.

Mötuneyti

- Matur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra er allur lagaður í eldhúsi grunnskólans á Laugarbakka.
- Engin aðstaða er til matargerðar í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga.
- Gott eldhús er í leikskólanum á Hvammstanga. Eldhúsið þar er of lítið til að útbúa mat einnig fyrir grunnskólann.
- Miðað við þessa stöðu má segja að tveir kostir séu í stöðunni. Annars vegar að halda matreiðslunni áfram í húsnæði grunnskólans á Laugarbakka og keyra hann eins og gert hefur verið á Hvammstanga.
- Hins vegar er að kaupa tilbúinn mat frá verktaka.

Húsnæði grunnskólans á Laugarbakka

- Að mati Bjarna Þórs Einarssonar yrði mun dýrara að koma öllum grunnskólanum fyrir á Laugarbakka en á Hvammstanga vegna breytinga sem gera þarf á húsnæðinu.

Framtíðarnýting húsnæðisins á Laugarbakka

- Að mati skýrsluhöfundar má nefna þrjá möguleika. Í fyrsta lagi má nefna heilsárshótelrekstur. Kemur þá helst til nálægðin við Þjóðveg 1. Í öðru lagi má nefna heilsutengda þjónustu og loks í þriðja lagi skólatengdan rekstur.
- Hér er örugglega ekki um tæmandi upptalningu að ræða og margt fleira kemur til greina.

Tillögur

- Lagt er til að skólahald Grunnskóla Húnaþings vestra fari fram í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga.
- Lagt er til að farið verði í þær breytingar á húsnæði grunnskólans á Hvammstanga sem fram koma í tillögum Bjarna Þórs Einarssonar, sjá fylgiskjal 1.
- Lagt er til að yfirstjórn grunn- og leikskóla verði ekki sameinuð verði farið að tillögnum hér að framan.
- Lagt er til að skólahald á Borðeyri verði áfram með óbreyttu fyrirkomulagi næstu ár og leikskólastjóri Ásgarðs verði áfram yfirmaður grunnskólamála þar. Jafnframt að á næstu misserum verði tekin ákvörðun um framtíð skólahalds á Borðeyri
- Lagt er til að tónlistarskólinn fái afnot af einu rými (kennslustofu) í eldri hluta skólahúsnæðisins á Hvammstanga. Einnig verði athugað hvort mögulegt sé að leigja aðstöðu í safnaðarheimilinu til kennslu fyrir nemendur sem teknir eru úr kennslutíma í grunnskólanum.
- Lagt er til að kanna möguleika á því að hefja rekstur Dvalar- og fræðaseturs fyrir 60 ára og eldri á Laugarbakka, að því gefnu að framangreind tillaga um skólahald grunnskólans nái fram að ganga.

Lokaorð

- Eftir að hafa átt fund með skólastjórnendum í Húnaþingi vestra, skoðað húsnæði grunnskólans og farið yfir gögn málsins er það niðurstaða skýrsluhöfundar að leggja til að allt skólahald grunnskólans í Húnaþingi vestra fari fram í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga.
- Það er mat skýrsluhöfundar að nái þessi tillaga fram að ganga muni skólinn eflast og einnig nást nokkur hagræðing í rekstri skólans.
- Kostnaðaráætlun vegna breytinga, sem lagt er til að ráðist verði í, nemur rétt um helmingi af þessari upphæð.
- Verði farið að þessari tillögu er mikilvægt að þegar verði hafist handa við að finna nýja starfsemi í húsnæði grunnskólans á Laugarbakka.
- Með því verði sköpuð ný atvinnutækifæri í sveitarfélaginu og tryggt að rekstur húsnæðisins falli ekki á sveitarfélagið.
- Í skýrslunni er m.a. lagt til að kannað verð hvort mögulegt sé að stofna Dvalar- og fræðasetur fyrir 60 ára og eldri.

Efnisyfirlit

| | |
|--|-----------|
| GREINING | 8 |
| INNGANGUR..... | 8 |
| TALA ÍBÚA | 8 |
| FJÖLDI NEMENDA Í GRUNNSKÓLA OG SKÓLAHALD | 9 |
| HÚSNÆÐI GRUNNSKÓLANS Á HVAMMSTANGA | 12 |
| ALLT SKÓLAHALD Á HVAMMSTANGA, HAGRÆÐING..... | 14 |
| LEIKSKÓLINN ÁSGARÐUR..... | 17 |
| TÓNLISTARSKÓLI HÚNAÞINGS VESTRA..... | 20 |
| MÖTUNEYTI | 22 |
| HÚSNÆÐI GRUNNSKÓLANS Á LAUGARBAKKA | 23 |
| FRAMTÍÐAR NÝTING HÚSNÆÐISINS Á LAUGARBAKKA? | 23 |
| TILLÖGUR | 25 |
| 1. HÚSNÆÐI GRUNNSKÓLANS Á HVAMMSTANGA | 25 |
| 2. BREYTINGAR Á HÚSNÆÐINU | 25 |
| 3. YFIRSTJÓRN GRUNNSKÓLANS OG LEIKSKÓLANS | 25 |
| 4. YFIRSTJÓRN GRUNNSKÓLANS Á BORÐEYRI..... | 26 |
| 5. TÓNLISTASKÓLINN | 26 |
| 6. FRAMTÍÐAR NÝTING SKÓLAHÚSNÆÐISINS Á LAUGARBAKKA | 26 |
| LOKAORÐ | 28 |
| FYLGISKJÖL | 29 |

Greining

INNGANGUR

Á fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra þann 7. nóvember 2013 var eftirfarandi samþykkt:

Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að ráða Harald L. Haraldsson, hagfræðing til að vinna úttekt, skýrslu og tillögur um mögulega samþættingu skólastarfs í Húnaþingi vestra. Til hliðsjónar eru skýrsla starfshóps starfsmanna Húnaþings vestra frá október 2012 um sama efni svo og önnur gögn er málinu tengjast. Í úttekt Haraldar skal m.a. fjallað um eftirtalin atriði: fagleg- og fjárhagsleg áhrif, íbúapróun, mannaflapörf, mótuneytismál, húsnæðismál og skólaakstur. Í störfum sínum skal Haraldur eftir því sem við á hafa samráð við starfshóp er skipaður var af sveitarstjórn Húnaþings vestra í desembermánuði 2012 svo og starfsmenn og stjórnendur Húnaþings vestra. Stefnt er að verklokum þann 15. janúar nk.

Með vísan til samþykktarinnar tók skýrsluhöfundur að sér að gera skýrslu og tillögur um mögulega samþættingu skólastarfs í Húnaþingi vestra.

Við vinnslu verkefnisins var m.a. stuðst við Niðurstöður starfshóps um framtíðarskipan skólamála í Húnaþingi vestra. Skýrsluhöfundur átti fund með skólastjórnendum um verkefnið og skoðaði húsnæði grunnskólans á Hvammstanga og Laugarbakka ásamt húsnæði leikskólans. Við vinnslu verkefnisins var ákveðið að leita til Bjarna Þórs Einarssonar, Ráðbarði sf., til að gera tillögur um breytingar á húsnæði grunnskólans á Hvammstanga og rýmisþörf fyrir ákveðinn fjölda nemenda ásamt kostnaðaráætlun vegna breytinganna.

Öllum framangreindum aðilum eru þökkud hreinskiptin og opin svör við öllu sem varðar greiðan framgang verkefnisins. Tekið skal skýrt fram að þeir aðilar, sem leitað var til, bera enga ábyrgð á því sem fram kemur í skýrslunni. Allt sem þar stendur er á ábyrgð skýrsluhöfundar.

TALA ÍBÚA

Á undanförunum árum hefur íbúum í Húnaþingi vestra farið fækkandi.

Tafla 1: Íbúafjöldi í Húnaþingi vestra í janúar ár hvert

| 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | Breyting 2004/2013 | Breyting Hlutfallsleg |
|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-------|-----------------------|--------------------------|
| 1.279 | 1.278 | 1.279 | 1.267 | 1.253 | 1.245 | 1.212 | 1.222 | 1.187 | 1.177 | -102 | -8,0% |

Heimild: Hagstofa Íslands

Tafla 1 sýnir fjölda íbúa í Húnaþingi vestra árin 2004 til 2013. Fyrir sameiningu Bæjarhrepps við Húnaþing vestra eru tölurnar samtals fyrir bæði sveitarfélögin í töflunni.

Á þessu tíu ára tímabili, frá 2004 til 2013, fækkar íbúum á milli ára nema árið 2006 en þá fjölgaði um einn íbúa og síðan árið 2011, þá fjölgaði um 10 íbúa frá árinu 2010. Á tímabilinu öllu fækkar íbúum samtals um 102 sem samsvarar um 8% fækkun íbúa. Á árinu 2013 voru íbúarnir 1.177 en 1.279 árið 2004.

FJÖLDI NEMENDA Í GRUNNSKÓLA OG SKÓLAHALD

Grunnskólakennsla fer nú fram á þremur stöðum í Húnaþingi vestra. Á Borðeyri er rekinn grunnskóli ásamt leikskóla og er leikskólastjóri Leikskólans Ásgarðs yfirmaður alls skólastarfs á Borðeyri. Á Borðeyri er nemendum kennt í fyrsta til fjórða bekk grunnskólans. Auk þess eru börn frá eins árs aldri tekin inn á leikskólann. Eldri nemendur eru í Grunnskóla Húnaþings vestra á Laugarbakka (5. til 10. bekkur).

Kennsla í Grunnskóla Húnaþings vestra fer fram á tveimur stöðum. Kennsla í fyrsta til fjórða bekk fer fram í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga og í fimmta til 10. bekk fer fram á Laugarbakka.

Nokkurt óhagræði fylgir því að vera með skólahaldið á tveimur stöðum, m.a. nokkur kostnaður. Nú þurfa allir nemendur frá 5. bekk keyrslu í skólann, sem þyrfti ekki vegna barna á Hvammstanga ef allt skólahald væri þar. Rétt er að fram komi að ekki fæst framlag frá Jöfnunarsjóði vegna skólaaksturs úr byggðakjarna, eins og Laugarbakka, í þéttbýli og öfugt.

Framlög vegna skólaaksturs eru eingöngu greidd vegna aksturs úr dreifbýli ef fjarlægðin er 3 km og yfir. Því er akstur úr þéttbýli ekki greiddur hvort sem um er að ræða akstur í þéttbýli eða dreifbýli. Laugarbakki fellur nú undir skilgreininguna að vera talinn til byggðakjarna og því er ekki um að ræða greiðslur framlaga vegna skólaaksturs þaðan.

Við útreikning framlagsins vegna skólaaksturs er tekið mið af fjölda barna á hverri akstursleið úr dreifbýlinu er fellur undir viðmið sjóðsins.

Undan farin ár hefur skólinn verið að innleiða teymisvinnu og mikil vinna verið lögð í innra starf skólans. Kennarar á Hvammstanga vinna mikið þvert á bekki og þvert á námsgreinar í þematengdum verkefnum. Húsnæði á Hvammstanga er með stórar kennslustofur sem flestar er hægt að opna enn meira og búa til opin svæði án fyrirhafnar.

Kennarar á Laugarbakka hafa einnig innleitt þessa kennsluhætti að mörgu leyti en húsnæðið á Laugarbakka er afar óhentugt fyrir sveigjanlegt náms- og kennslufyrirkomulag. Flestar stofur er litlar og í mesta lagi lítil rými inn af þeim. Gangar eru þröngir og ekki nýtanlegir sem opin svæði. Engir möguleikar eru á að gera breytingar á kennslurýmum nema með verulegum tilkostnaði, sbr. álit Bjarna Þórs Einarssonar, sjá síðar. Að auki er lofthæð að jafnaði lítil og rúmmetrafjöldi hvernar stofu því ekki mikill og því mjög erfitt að setja marga nemendur í stofurnar þar sem loftskipti verða þá mjög takmörkuð. Skólustjóri sér ekki fyrir sér að hægt verði að ná fram markmiðum teymisvinnu á Laugarbakka við óbreytt ástand. Annað hvort þarf að snúa til baka í kennslufyrirkomulagi og námsaðstöðu eða að húsnæði uppfylli kröfur um sveigjanlegt skólastarf.

Á næsta skólaári stefnir skólinn á að fara í þriggja ára samstarf við skólana í Austur-Húnavatnssýslu og Háskólann á Akureyri um innleiðingu læsis og kennslufræði-

verkefnisins *Orð af orði*. Það verkefni er í beinu framhaldi af starfsaðferðum *Byrjendalæsis* sem innleitt var á síðustu þremur árum hjá kennurum 1. – 4. bekkjar á Hvammstanga skv. upplýsingum frá skólastjóra. Þetta verkefni einkennist af starfsháttum sveigjanlegs skólastarfs sem áður hefur verið lýst og því mikilvægt að skólinn fái skýra framtíðarsýn á þá umgjörð sem honum verður veitt og hvort það samrýmist þeim starfsaðferðum sem innleiddar hafa verið og á að innleiða enn frekar. Húsnæði skólans á Hvammstanga styður að öllu leyti þessar starfsaðferðir með litlum breytingum. Húsnæði skólans á Laugarbakka styður ekki þessar starfsaðferðir nema með breytingum á öllu innra skipulagi skólahússins og um leið takmörkun á hótél- og gistirekstri í kennslurýmum.

Tafla 2: Fjöldi nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra 2004 til 2013 skipt eftir bekkjardeildum

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | Breyting |
|------------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|-----------|
| 1. bekkur | 20 | 17 | 15 | 12 | 18 | 15 | 22 | 9 | 21 | 13 | 2004/2012 |
| 2. bekkur | 10 | 20 | 17 | 16 | 12 | 18 | 15 | 22 | 9 | 18 | Hlutfall |
| 3. bekkur | 14 | 10 | 21 | 17 | 15 | 10 | 15 | 11 | 21 | 8 | |
| 4. bekkur | 16 | 15 | 10 | 22 | 17 | 16 | 9 | 16 | 11 | 23 | |
| 5. bekkur | 15 | 15 | 16 | 10 | 22 | 17 | 17 | 10 | 18 | 14 | |
| 6. bekkur | 16 | 15 | 15 | 14 | 10 | 23 | 20 | 17 | 8 | 15 | |
| 7. bekkur | 16 | 16 | 14 | 19 | 14 | 9 | 22 | 20 | 16 | 8 | |
| 8. bekkur | 15 | 16 | 18 | 17 | 18 | 18 | 10 | 24 | 22 | 16 | |
| 9. bekkur | 20 | 16 | 16 | 18 | 18 | 18 | 19 | 11 | 23 | 24 | |
| 10. bekkur | 21 | 20 | 14 | 17 | 18 | 16 | 18 | 19 | 10 | 22 | |
| Samtals | 163 | 160 | 156 | 162 | 162 | 160 | 167 | 159 | 159 | 161 | -2,5% |

Heimild: Samband Íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna 2013

Tafla 2 sýnir fjölda nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra árin 2004 til 2013 skipt eftir bekkjardeildum.

Eins og taflan sýnir er ekki mikil breyting í heildarfjölda nemenda á milli ára. Á tímabilinu fækkar nemendum þrisvar, þ.e. árin 2006, 2009 og 2011. Í upphafi tímabilsins var fjöldinn samtals 163 nemendur. Flestir voru nemendurnir árið 2010, eða 167. Á yfirstandandi skólaári eru nemendurnir 161. Þannig eru þeir einungis tveimur færri en þeir voru 2004, eða hlutfallsleg fækkun um 2,5% sem er mun lægra hlutfall en heildarfækkun íbúa á tímabilinu, sem var 8%, sbr. tafla 1. Hafa ber í huga að árið 2012 var hætt kennslu í 5. til 7. bekk á Borðeyri, sem hefur haft áhrif á fjölda nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra.

Tafla 3: Fjöldi nemenda í grunnskólanum á Borðeyri

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|------------------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| 1. bekkur | 1 | 2 | 2 | 0 | 0 | 4 | 4 | 1 | 1 | 3 |
| 2. bekkur | 2 | 2 | 2 | 2 | 0 | 0 | 4 | 4 | 1 | 1 |
| 3. bekkur | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 0 | 0 | 4 | 4 | 1 |
| 4. bekkur | 2 | 4 | 2 | 3 | 2 | 2 | 0 | 0 | 4 | 3 |
| 5. bekkur | 3 | 4 | 4 | 2 | 2 | 2 | 2 | 0 | | |
| 6. bekkur | 3 | 3 | 4 | 4 | 2 | 1 | 2 | 2 | | |
| 7. bekkur | 0 | 3 | 3 | 1 | 3 | 2 | 1 | 1 | | |
| 8. bekkur | | | | | | | | | | |
| 9. bekkur | | | | | | | | | | |
| 10. bekkur | | | | | | | | | | |
| Samtals | 15 | 20 | 19 | 14 | 11 | 11 | 13 | 12 | 10 | 8 |
| 1. til 4. bekkur | 9 | 10 | 8 | 7 | 4 | 6 | 8 | 9 | 10 | 8 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna 2013

Tafla 3 sýnir fjölda nemenda á Borðeyri skipt eftir bekkjardeildum.

Nemendurnir voru flestir árið 2005 eða samtals 20. Haustið 2012 var hætt kennslu í 5. til 7. bekk á Borðeyri og öllum þeim nemendum ásamt nemendum í 8. til 10. bekk keyrt að Laugarbakka. Ef skoðaður er fjöldinn samtals í 1. til 4. bekk þá voru þeir nemendur flestir 10 árið 2005 og 2012. Á yfirstandandi skólaári eru nemendurnir í fyrsta til fjórða bekk 8 en voru 9 árið 2004.

Tafla 4: Fjöldi nemenda í grunnskólum Húnaþings vestra árin 2004 til 2013

| | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 | Breyting 2004/2012 |
|----------------------------|----------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|-----------------------|
| | Hlutfall | | | | | | | | | | |
| Grunnskóli Húnaþing Vestra | 163 | 160 | 156 | 162 | 162 | 160 | 167 | 159 | 159 | 161 | |
| Grunnskóli á Borðeyri | 15 | 20 | 19 | 14 | 11 | 11 | 13 | 12 | 10 | 8 | |
| Samtals | 178 | 180 | 175 | 176 | 173 | 171 | 180 | 171 | 169 | 169 | -5,1% |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna 2013

Tafla 4 sýnir tölu nemenda samtals í grunnskólum Húnaþings vestra árin 2004 til 2013.

Eins og taflan sýnir fækkar nemendum samtals í grunnskólum sveitarfélagsins á tímabilinu 2004 til 2013 á milli ára nema þeim fjölga þrisvar, þ.e. árið 2005, 2007 og 2010. Nemendafjöldinn var óbreyttur á milli árunna 2012 og 2013.

Flestir voru nemendurnir árið 2005 og 2010, eða samtals 180 hvort ár. Nemendurnir voru 178 árið 2004 en 169 árið 2013. Þannig fækkaði þeim um níu á tímabilinu, eða um 5,1%, sem er lægra hlutfall en íbúafjöldinn í heild fækkaði um.

Tafla 5: Fjöldi íbúa í Húnaþingi vestra í janúar 2013 skipt eftir aldri frá 1998

| Ár | Aldur | Janúar | Haust | | | | | |
|---------------------|----------|--------|------------|------------|------------|------------|------------|------------|
| | | 2013 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 |
| 2013 | Á 1. ári | 9 | | | | | | 9 |
| 2011 | 1 árs | 11 | | | | | 11 | 11 |
| 2010 | 2 ára | 11 | | | | 11 | 11 | 11 |
| 2009 | 3 ára | 7 | | | 7 | 7 | 7 | 7 |
| 2008 | 4 ára | 17 | | 17 | 17 | 17 | 17 | 17 |
| 2007 | 5 ára | 14 | 14 | 14 | 14 | 14 | 14 | 14 |
| 2006 | 6 ára | 22 | 22 | 22 | 22 | 22 | 22 | 22 |
| 2005 | 7 ára | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 | 10 |
| 2004 | 8 ára | 25 | 25 | 25 | 25 | 25 | 25 | 25 |
| 2003 | 9 ára | 15 | 15 | 15 | 15 | 15 | 15 | 15 |
| 2002 | 10 ára | 17 | 17 | 17 | 17 | 17 | 17 | |
| 2001 | 11 ára | 7 | 7 | 7 | 7 | 7 | | |
| 2000 | 12 ára | 16 | 16 | 16 | 16 | | | |
| 1999 | 13 ára | 21 | 21 | 21 | | | | |
| 1998 | 14 ára | 24 | 24 | | | | | |
| Samtals | | 226 | 171 | 164 | 150 | 145 | 149 | 141 |
| Borðeyri* | | | 8 | 7 | 8 | 7 | 4 | 2 |
| Án Borðeyrar | | | 163 | 157 | 142 | 138 | 145 | 139 |

Heimild: Hagstofa Íslands. Fjöldi vegna Borðeyrar er skv. upplýsingum frá leikskólastjóra

Tafla 5 sýnir fjölda íbúa í Húnaþingi vestra á skólaskyldum aldri tímabilið 2013 til 2018 miðað við íbúafjölda eins og hann var í janúar 2013 og upplýsingar frá leikskólastjóra vegna Borðeyrar.

Til að gera sér grein fyrir þörf á húsnæði fyrir grunnskólann er rétt að skoða hvernig þróunin verður næstu ár miðað við fjölda íbúa á skólaskyldum aldri fram til ársins 2018 skipt eftir aldri þeirra í janúar 2013.

Eins og tafla 5 sýnir fækkar nemendum á skólaskyldum aldri fram til ársins 2018 miðað við aldursskiptingu íbúa Húnaþings vestra í janúar 2013. Gera má ráð fyrir að á tímabilinu muni fjöldinn breytast frá þessu, m.a. vegna þess að fólk mun flytja til og frá sveitarfélaginu, þannig að erfitt er að spá fyrir um hver þróunin verður nákvæmlega. Hins vegar má gera ráð fyrir að öllu óbreyttu að nemendum muni ólíklega fara fjölgandi frá því sem nú er í grunnskólunum. Þannig er rétt að meta húsnæðisþörfina út frá þeirri megin forsendu.

Tafla 5 sýnir heildar fjölda íbúa í hverjum árgangi með Borðeyri og án miðað við að 1. til 4. bekkur verði þar áfram. Hins vegar miðað við þörfina í dag (janúar 2014) og þróunina næstu ár ætti ekkert að vera því til fyrirstöðu að hafa húsnæði fyrir alla nemendur á grunnskólaaldri á sama stað.

HÚSNÆÐI GRUNNSKÓLANS Á HVAMMSTANGA

Eftir viðræður við skólastjórnendur í Grunnskóla Húnaþings vestra og skoðun á húsnæðinu á Hvammstanga var það sameiginleg niðurstaða að núverandi húsnæði

grunnskólans á Hvammstanga væri fullnægjandi fyrir grunnskólann a.m.k. næstu ár. Þannig væri mögulegt að hýsa allan grunnskólann í Húnaþingi vestra í sama húsnæði. Þó má gera ráð fyrir að næstu ár verði skólahald fyrir 1. til 4. bekk áfram á Borðeyri.

Með hliðsjón af þessu var ákveðið að leita til Ráðbarðs sf., Bjarna Þórs Einarssonar, til að gera athugun á því hvort þetta væri mögulegt og þá hvaða breytingar þyrfti að gera. Jafnframt því að gera grófa kostnaðaráætlun vegna þessara breytinga.

Tillaga Bjarna Þórs Einarssonar er útfærð á fylgiskjali 1. Hefur hann framkvæmt m.a. rýmisþörf fyrir hvern nemanda og er hans niðurstaða að húsnæðið geti rúmað um 160 nemendur með ákveðnum breytingum.

Tillögurnar voru unnar í nánú samráði við skólastjóra.

Gert er ráð fyrir eftirfarandi megin breytingum á fyrstu hæð skólahúsnæðisins, sbr. fylgiskjal 1:

1. Breytingu á aðstöðu kennara.
2. Breytingu á notkun gangs í eldri byggingu og milliveggir teknir niður og færðir til.
3. Tilfærslum á fatahengjum í anddyri. Gert ráð fyrir fatahengjum á gangi í eldri byggingu og sett upp nýtt anddyri ásamt fatahengjum í suðurenda hússins. Með þessu eiga að fást fatahengi fyrir 160 nemendur. Gert er ráð fyrir 30 cm fyrir hvern nemanda.
4. Aðstöðu fyrir 60 nemendur til að matast á sama stað og nemendur matast núna. Gert er ráð fyrir að nemendur matist t.d. í þremur hópum.
5. Gert er ráð fyrir aðstöðu til að taka á móti mat og skammta á sama stað og nú er.
6. Í stofu við hlið matsalar er gert ráð fyrir heimilis- og náttúrufræðistofu.

Ekki er gert ráð fyrir frekari breytingum á húsnæðinu. Eins og fram kemur á fylgiskjali 2 er áætlaður kostnaður við þessar breytingar samtals 16.621.034 kr.

Ljóst er að skv. þessum tillögum mun draga úr aðstöðu til tónlistarkennslu í grunnskólanum. Þó skal ekki útilokað að hægt sé að koma tónlistarkennslu fyrir í húsnæðinu að einhverju leyti. Til greina kæmi að tónlistarskólinn gæti haft afnot af litlu herbergi á fyrstu hæð sem hann hefur nú til afnota.

Skóðað var hvort hægt væri að nýta rými í kjallara skólahúsnæðisins fyrir tónlistarkennslu en niðurstaða var að þar væri lofthæð ekki nægileg. Lofthæðin þar er aðeins 2,12 m.

Í samráði við skólastjóra gerir tillagan ráð fyrir að nýta opin rými og hugsanlega eina kennslustofu vegna frístundastarfs (gæslu utan skólatíma). Þar yrði um að ræða samnýtta kennslustofu.

Eins og nú er, er gert ráð fyrir að félagsstarf fari fram í félagsmiðstöð og íþróttahúsi.

Tillagan gerir ráð fyrir að matur komi tilbúinn í skólann eins og nú er á Hvammstanga.

ALLT SKÓLAHALD Á HVAMMSTANGA, HAGRÆÐING

Ljóst er að ýmis konar hagræðing mun nást með því að hafa allt skólahald Grunnskóla Húnaþings vestra, sem nú fer fram á Laugarbakka og Hvammstanga, á einum stað. Um er að ræða bæði kennslufræðilega hagræðingu og kostnaðarlega. Vinnuaðstaða kennara mun batna mikið og þar með að þurfa ekki að fara á milli Hvammstanga og Laugarbakka eins og nú er. Einnig má gera ráð fyrir að kennslu verði betur fyrir komið í einu húsnæði en tveimur.

Kostnaðarlega eru einkum þrír útgjaldaliðir sem hér skipta mál. Í fyrsta lagi er það kostnaður við rekstur húsnæðisins á Laugarbakka. Takist að koma húsnæðinu í önnur not þannig að rekstur þess hvíli ekki á sveitarfélaginu myndi allur sá kostnaður sparast sveitarfélaginu. Þetta er að sjálfsögðu háð því að það takist.

Ekki liggur fyrir sundurliðun á rekstri húsnæðis Grunnskóla Húnaþings vestra, þar sem rekstrarkostnaðurinn er færður saman fyrir bæði húsin. En beinn kostnaður, sem liggur fyrir og gera má ráð fyrir að sparist takist að leigja húsnæðið, er t.d. rafmangskostnaður og hitunarkostnaður:

Tafla 6: Kostnaður við rafmagn og hita á Laugarbakka 2013

| | |
|--|------------------|
| Skólinn, rafmagn | 628.474 |
| Íþróttahús, rafmagn | 381.616 |
| Íbúðir í skóla, rafmagn | 51.984 |
| <u>Hitunarkostnaður, skóli og íþróttahús</u> | <u>1.618.725</u> |
| Samtals | 2.680.799 |

Heimild: Húnaþing vestra

Tafla 6 sýnir kostnað við rafmagn og hita vegna skólahúsnæðisins á Laugarbakka árið 2013. Gera má ráð fyrir, ef húsnæðið verður leigt út, að þá muni þessi kostnaður ekki falla á sveitarfélagið. Hins vegar er ljóst að gerist það ekki mun sveitarfélagið sitja upp með þennan kostnað a.m.k. að hluta.

Að auki var gjaldfærður kostnaður vegna Laugarbakkaskóla hjá eignarsjóði árið 2013 samtals að upphæð 5.779.201 kr. Gera má ráð fyrir að verði húsnæðið leigt fáið leiga upp í þennan kostnað, eða a.m.k. að hluta.

Samtals gera þessir liðir, þ.e. hiti, rafmagn og gjaldfærsla hjá eignarsjóði, 8.460 þús. kr. Auk þessa eru nokkrir liðir sem gera má ráð fyrir að sparist sem nú eru gjaldfærðir sameiginlega fyrir báða skólana, þ.e. á Laugarbakka og Hvammstanga. Gera má ráð fyrir að framanritað séu stærstu útgjaldliðirnir vegna húsnæðisins á Laugarbakka.

Í öðru lagi er aksturskostnaður. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofu Húnaþings vestra kostaði skólaakstur á milli Hvammstanga og Laugarbakka 6.365 þús. kr. árið 2013. Hafður er fyrirvari á þessari tölu þar sem aukaakstur var ekki nógu vel sundurliðaður en að mati sviðsstjóra fjármála- og stjórnsýslusviðs á þessi tala að vera nokkuð nærri lagi. Ekki fæst framlag vegna aksturs nemenda úr þéttbýli í byggðakjarna og öfugt, sbr. hér að framan. Þannig mun allur kostnaður sem fellur til vegna aksturs á milli Hvammstanga og Laugarbakka vegna skólahalds á báðum stöðunum sparast. Gera má ráð fyrir að einhver kostnaður muni falla til vegna aksturs

nemenda, sem búa á Laugarbakka, til Hvammstanga fari öll kennsla þar fram. Eins og aksturinn er núna verður þessi kostnaður óverulegur þar sem tveir skólabílar aka í gegnum Laugarbakka til Hvammstanga. Því ætti ekki að verða um aukaakstur að ræða en ef til vill þyrfti stærri bíla.

Auk þessa munu akstursleiðir lengjast í einhverjum tilfella vegna nemenda úr dreifbýli, sem sækja skóla núna á Laugarbakka, við það að sækja skóla á Hvammstanga. Samkvæmt upplýsingum frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga miðast akstur nemenda úr dreifbýli, sem eru í skóla á Laugarbakka, við akstur til og frá Laugarbakka. Verð skólahlaldi hætt á Laugarbakka og akstursleiðir lengjast miðað við akstur til og frá Hvammstanga fæst aukið framlag úr Jöfnunarsjóði vegna lengri vegalengdar. Þannig má gera ráð fyrir að framlög muni fást að stórum hluta vegna aukinnar vegalengdar.

Jafnframt fellur til kostnaður vegna aksturs kennara á milli Laugarbakka og Hvammstanga, sem myndi sparast fari öll kennslan fram á Hvammstanga. Skv. upplýsingum frá skólastjóra var kostnaður vegna þessa samtals 1.908 þús. kr. árið 2013. Auk þess myndi nást fram betri nýting á stjórnendum, kennurum og öðru starfsfólki í önnur verk vegna þess tíma sem farið hefur í þennan akstur.

Samtals er kostnaðar vegna aksturs, sem myndi sparast að stórum hluta fari öll kennsla fram á Hvammstanga, 8.273 þús. kr.

Í þriðja lagi má gera ráð fyrir hagræðingu í starfsmannafjölda við grunnskólann með rekstri á einum stað.

Tafla 7: Fjöldi nemenda og stöðugilda í Grunnskóla Húnaþings vestra frá 2004 til 2013

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar/ leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---------------------------|----------------|-------------------------|------------------|-------------|
| 2004 | 163 | 23,6 | 13,0 | 36,6 |
| 2005 | 160 | 23,4 | 12,6 | 36,0 |
| 2006 | 156 | 21,9 | 11,5 | 33,4 |
| 2007 | 162 | 20,4 | 14,1 | 34,5 |
| 2008 | 162 | 21,1 | 14,2 | 35,3 |
| 2009 | 160 | 21,2 | 11,6 | 32,8 |
| 2010 | 167 | 19,9 | 15,6 | 35,5 |
| 2011 | 159 | 20,5 | 16,6 | 37,1 |
| 2012 | 159 | 17,9 | 13,4 | 31,3 |
| 2013 | 161 | 17,7 | 13,3 | 31,0 |
| Breyting 2004/2012 | -2 | -5,9 | 0,3 | -5,6 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og skólastjóri vegna 2013

Tafla 7 sýnir fjölda nemenda og stöðugilda í Grunnskóla Húnaþings vestra frá árinu 2004 til 2013.

Eins og taflan sýnir hefur nemendum fækkað um tvo á tímabilinu. Stöðugildum kennara fækkaði um 5,9. Þeim fækkar á milli ára öll árin nema 2008, 2009 og 2011. Fjöldi stöðugilda annarra starfsmanna eru nánast sá sami í upphafi tímabilsins og við

lok þess. Voru árið 2004 13 og 13,3 árið 2013. Hins vegar er þeim ýmist að fjölga eða fækka á tímabilinu. Flest voru stöðugildi annarra starfsmanna árið 2011, eða 16,6. Það sama ár voru stöðugildin við skólann samtals einnig flest, eða 37,1. Stöðugildum samtals fækkaði um 5,6 á tímabilinu.

Tafla 8: Fjöldi nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskóla Húnaþings vestra frá 2004 til 2013

| Ár | Fjöldi nemenda | Kennarar/ leiðbeinendur | Aðrir starfsmenn | Samtals |
|---------------------------|----------------|----------------------------|------------------|------------|
| 2004 | 163 | 6,9 | 12,5 | 4,5 |
| 2005 | 160 | 6,8 | 12,7 | 4,4 |
| 2006 | 156 | 7,1 | 13,6 | 4,7 |
| 2007 | 162 | 7,9 | 11,5 | 4,7 |
| 2008 | 162 | 7,7 | 11,4 | 4,6 |
| 2009 | 160 | 7,5 | 13,8 | 4,9 |
| 2010 | 167 | 8,4 | 10,7 | 4,7 |
| 2011 | 159 | 7,8 | 9,6 | 4,3 |
| 2012 | 159 | 8,9 | 11,9 | 5,1 |
| 2013 | 161 | 9,1 | 12,1 | 5,2 |
| Breyting 2002/2012 | -2 | 2,2 | -0,4 | 0,7 |

Heimild: Sambands íslenskra sveitarfélaga

Tafla 8 sýnir fjölda nemenda á hvert stöðugildi í Grunnskóla Húnaþings vestra frá 2004 til 2013.

Eins og taflan sýnir hefur nemendum á hvert stöðugildi kennara fjölgað, sem er jákvæð þróun a.m.k. rekstrarlega. Á tímabilinu fjölgar nemendum um 2,2 á hvert stöðugildi kennara. Hins vegar er lítil breyting á fjölda nemenda á hvert stöðugildi annarra starfsmanna í upphafi tímabilsins, þegar fjöldinn var 12,5 nemendur á hvert stöðugildi árið 2004, og 12,1 nemandi á hvert stöðugildi árið 2013. Þannig fækkaði nemendunum um 0,4 á hvert stöðugildi annarra starfsmanna. Innan tímabilsins var nemendum ýmist að fjölga eða fækka á milli ára á hvert stöðugildi annarra starfsmanna. Fæstir voru nemendurnir árið 2011 þegar þeir voru 9,6. Síðan hefur þeim fjölgað aftur. Flestir voru nemendurnir á hvert stöðugildi annarra starfsmanna en kennara árið 2006.

Þegar fjöldi nemenda er skoðaður var þeim ýmist að fækka eða fjölga á hvert stöðugildi samtals. Fæstir voru nemendurnir á hvert stöðugildi árið 2011, eða 4,3, en hefur svo fjölgað aftur og eru haustið 2013 orðnir 5,2, sem er mesti fjöldi nemenda á hvert stöðugildi á tímabilinu frá 2004 til 2013.

Tafla 9: Fjöldi stöðugilda við Grunnskóla Húnaþings vestra í janúar 2014 og áætlaður fjöldi miðað við skólahlald á einum stað.

| | Kennarar | Stjórnendur | Stuðnings- fulltrúar | Skólaliði/mötuneyti | Samtals |
|--------------------------|----------|-------------|-------------------------|---------------------|--------------|
| Á einum stað | 15,7 | 2 | 3,76 | 5,3 | 26,76 |
| Stöðugildi í janúar 2014 | 15,7 | 2 | 3,8 | 9,5 | 31 |
| Breyting | 0 | 0 | -0,04 | -4,2 | -4,24 |

Heimild: Skólastjóri

Tafla 9 sýnir fjölda stöðugilda við Grunnskóla Húnaþings vestra eins og hann var í janúar 2014 og áætlaðan fjölda miðað við allt skólahlald í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga.

Gert er ráð fyrir að stöðugildi kennara verði jafn mörg. Hins vegar er gert ráð fyrir að öðrum stöðugildum fækki um 4,24. Samkvæmt upplýsingum frá launafulltrúa sveitarfélagsins eru meðal árslaun með launatengdum gjöldum hjá skólaliða 3.630 þús. kr. Miðað við 4,24 stöðugildi má gera ráð fyrir að hagræðingin af fækkun um þessi stöðugildi sé samtals 15.391 þús. kr. miðað við heilt ár.

Tafla 10: Möguleg hagræðing miðað við að allt skólahlald Grunnskóla Húnaþings vestra fari fram á Hvammstanga. Í þús. kr.

| | |
|--------------------------|---------------|
| Rafmagn og hiti | 2.680 |
| Útgjöld v/eignasjóðs | 5.779 |
| Skólaakstur | 6.365 |
| Akstur kennara | 1.908 |
| Laun og launatengd gjöld | 15.391 |
| Samtals | 32.123 |

Heimild: Gögn frá Húnaþingi vestra

Tafla 10 sýnir mögulega hagræðingu ef allt skólahlald Grunnskóla Húnaþings vestra fer fram í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga með þeim fyrirvörum sem settir eru fram hér að framan.

Eins og taflan sýnir gæti hagræðingin af því að vera með allt skólahlald á Hvammstanga verið allt að 32.123 þús. kr.

Miðað við fjölda nemenda í 1. til 4. bekk mætti gera ráð fyrir að allir nemendur, sem eru á Borðeyri, gætu komið í Grunnskólann á Hvammstanga án þess að þar þurfi að fjölga stöðugildum.

LEIKSKÓLINN ÁSGARÐUR

Leikskólinn Ásgarður er þriggja deilda leikskóli með fjölbreytta vistunarmöguleika, allt frá 4 til 8 klst. daglega. Aðalsetur skólans er við Garðaveg 7, Hvammstanga. Þar eru tvær deildir, eldra stig og yngra stig. Á Borðeyri er þriðja deildin. Einnig er starfræktur grunnskóli á Borðeyri.

Börn geta hafið leikskólagöngu frá eins árs aldri.

Í leikskólanum á Hvammstanga er fullkomið eldhús og er allur matur fyrir leikskólann á Hvammstanga útbúinn í leikskólanum. Eldhúsið er of lítið til að búa til mat fyrir báða skólana, þ.e. leikskólann og grunnskólann.

Á Borðeyri er leikskóli og grunnskóli samrekin. Leikskólastjóri er því jafnframt skólastjóri yfir grunnskólakennslunni sem þar fer fram. Þar er grunnskólanemendum í 1. til 4. bekk kennt. Eldri nemendum (5. til 10. bekk) er kennt í Grunnskóla Húnaþings vestra og þá á Laugarbakka eins og nú er.

Leikskólastjóri hefur verið ráðinn yfir grunnskólanum á Borðeyri tímabundinni ráðningu og nú fram á vor. Ráðning er til 31. júlí 2014.

Nemendur 1. til 4. bekkjar á Borðeyri fara í 22 skipti í grunnskólann á Hvammstanga að vetri (alls eru 35 mánudagar í skólaárinu) m.a. til að samlagast nemendum í stærri skóla. Einnig sækja sumir þeirra þá tónlistarkennslu í tónlistarskólanum.

Tafla 11: Fjöldi leikskólabarna og nemenda í skólanum á Borðeyri

| Árgangar | "13-"14 | "14-"15 | "15-"16 | "16-"17 | "17-"18 | "18-"19 |
|--------------|---------|---------|---------|---------|---------|---------|
| Í leikskóla | 7 | 5 | 3 | 2 | 0 | 0 |
| Í grunnskóla | 8 | 7 | 8 | 7 | 4 | 2 |

Heimild: Leikskólastjóri

Tafla 11 sýnir skiptingu á fjölda barna miðað við stöðuna í febrúar 2014 á Borðeyri skipt eftir árgöngum fram til skólaársins 2018 til 2019, skv. upplýsingum frá leikskólastjóra.

Eins og taflan sýnir og verði ekki breyting á fer börnun í skólanum á Borðeyri nokkuð fækkandi á næstu árum og þá sérstaklega eftir skólaárið 2016 til 2017. Þannig má ljóst vera að fljótlega þarf að taka ákvörðun um hvað verður með áframhaldandi skólalald á Borðeyri verði engin breyting frá því sem þarna kemur fram. Að sjálfsgöðu getur sú breyting vel átt sér stað, t.d. með því að barnmörg fjölskylda flytji í nágrenni við skólann.

Tafla 12: Heildagsígildi og fjöldi barna á Ásgarði árin 2002 til 2013 að hausti til

| | 2002 | 2003 | 2004 | 2005 | 2006 | 2007 | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 | 2012 | 2013 |
|----------------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|------|
| Heildagsígildi | 36,4 | 36,5 | 31,0 | 45,3 | 57,1 | 63,4 | 54,9 | 60,1 | 56,0 | 53,1 | 45,9 | 38,8 |
| Fjöldi barna | 47 | 47 | 39 | 53 | 65 | 70 | 67 | 72 | 64 | 57 | 51 | 40,0 |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga og leikskólastjóri vegna 2013

Tafla 12 sýnir fjölda heildagsígilda og fjölda barna á Ásgarði á tímabilinu frá 2002 til 2013.

Eins og taflan sýnir fjölgar heildagsígildum fram til ársins 2007. Eftir það fækkar þeim á milli ára nema árið 2009 en þá fjölgaði þeim. Flest voru heildagsígildin árið 2007, eða 63,4, en voru komin niður í 38,8 árið 2013.

Að sama skapi fjölgar börnunum á milli ára fram til ársins 2009, þegar þau voru flest, eða 72. Þeim fækkaði eitt árið á þessu tímabili, þ.e. árið 2004. Frá árinu 2009 hefur börnunum farið fækkandi og voru komin niður í 40 árið 2013.

Árið 2007 var reist viðbygging við skólann og gert er ráð fyrir að hann geti hýst allt að 73 börn miðað við fjölda fatahólfa. Eins og tafla 12 sýnir voru 40 börn á leikskólanum s.l. haust en nú í febrúar 2014 eru 41 á tveimur leikskóladeildum á Hvammstanga.

Þannig er ljóst að húsnæði skólans er nægilegt miðað við stöðuna nú og auðvelt að fjölga þar börnum.

Sú hugmynd hefur komið fram að sameina grunn- og leikskóla undir eina yfirstjórn. Vætanlega tengist hugmyndin tillögu um að hluti af kennslu grunnskólans fari fram í húsnæði leikskólans. Með hliðsjón af því gæti slíkur samruni verið æskilegur.

Eins og kemur fram hér að framan er það sameiginleg niðurstaða skýrsluhöfundar, skólastjóra Grunnskóla Húnaþings vestra og Bjarna Þórs Einarssonar, Ráðbarði, að húsnæði grunnskólans á Hvammstanga geti hýst allan grunnskólann.

Verði það niðurstaðan er ljóst að leikskólinn verði rekinn áfram í sér húsnæði.

Það er mat skýrsluhöfundar að mikil hagræðing, bæði kostnaðarleg og kennslufræðileg, geti fylgt því að sameina grunn- og leikskóla í eina stofnun. Með því fást m.a. samlegðaráhrif af nýtingu starfsmanna, samfelld skólaganga nemenda o.s.frv. Hins vegar er frumskilyrði fyrir slíkum samruna að mati skýrsluhöfundar að hægt sé að hýsa grunn- og leikskóla í sama húsnæði eða í húsnæði á sömu skólalóð, þannig að hægt sé að koma við samlegðaráhrifum.

Erfitt er að sjá samlegðaráhrifin ef skólarnir eru á sitt hvorum staðnum. Skýrsluhöfundur hefur komið að rekstri sveitarfélags þar sem slíkt fyrirkomulag var. Í reynd var þetta þannig að skólastjóri grunnskólans var yfirmaður leikskólans og þá aðstoðarleikskólastjóri undirmaður hans í leikskólanum. Samstarfið fór síðan þannig fram að aðstoðarleikskólastjórinn sá í reynd um daglegan rekstur leikskólans en átti síðan reglubundna fundi með skólastjóranum. Þessu fylgdu ýmsir ókostir, m.a. óánægja aðstoðarleikskólastjórans, sem fannst hann í reynd starfa sem leikskólastjóri en á lægri launum. Skýrsluhöfundur tók undir það sjónarmið.

Sveitarfélagið, sem um ræðir, er Seyðisfjarðarkaupstaður. Skýrsluhöfundur lagði til að horfið yrði frá þessu fyrirkomulagi og var það gert. Haft var samband við Vilhjálm Jónsson, bæjarstjóra Seyðisfjarðarkaupstaðar, og hann spurður hvað hafi verið gert og hvernig til hafi tekist. Með góðfúslegu leyfi hans er eftirfarandi svar hans úr tölvupósti, dags. 3. febrúar 2014, birt hér:

Við tókum ákvörðun um að hætta þessu fyrirkomulagi tímabundið 2011. Í framhaldinu var málið sett í nánari umfjöllun fræðslunefndar og bæjarstjórnar og varð niðurstaðan að falla frá fyrirkomulaginu um sameiginlega yfirstjórn. Niðurstaða umfjöllunarinnar var sú að ef viðunandi árangur ætti að nást faglega og fjárhagslega væri rétt að sameina stofnanirnar en við sáum ekki fyrir okkar miðað við aðstæður að það væri vænlegt.

Fjárhagsleg áhrif breytinganna eins og við framkvæmdum þær hér voru á ársgrundvelli sparnaður sem nam um 3,4 milljónir króna. Hann kom til af beinni lækkun launa og launatengdra gjalda stjórnenda og aukinni kennsluskýldu þeirra þ.e. í grunnskólanum o.fl. breytingum þeim tengdum.

Með breytingunni komst mun betri festa á stjórnun beggja skólanna, stjórnendur grunnskólans hafa náð betri tókum á honum og að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til starfsemi hans m.a. með hliðsjón af námsskrá. Stjórnun leikskólans sem hafði liðið

sérstaklega fyrir fyrirkomulagið batnaði og óljós skil ábyrgðar hurfu. Einkum skipti þetta máli varðandi starfsmannamál.

Hjá okkur hafði stjórnun leikskóla verið bætt á skólastjóra grunnskóla sem hafði starfað sem slíkur nokkra hrið hjá kaupstaðnum. Ég hef haft spurnir af fleiri slík tilvikum og rætt bæði við foreldra sem eiga börn í þeim skólum og skólafólk. Samkvæmt þeim samtölum hefur það ekki gefist vel að því leyti sem við kemur starfsemi og stjórnun skólanna.

Í samtölum mínum við stjórnendur skólanna hér var það einróma niðurstaða þeirra að þeim fannst fyrirkomulagið bitna á starfinu og að hefði tekist að ná að fylgja eftir fagstarfi og að uppfylla kröfur t.d. námsskrár. Þá kom fram í viðtölunum að skólastjóra gekk ekki vel að ná upp fastri viðveru á leikskólanum eins og fyrirhugað hafði verið.

Það kann að vera að stærðir skóla, fjöldi stjórnenda o.fl. atriði kunni að hafa áhrif á hvernig mismunandi fyrirkomulag kemur út og því ekkert algilt í þeim efnum en framangreint lýsir í stórum dráttum myndinni eins og hún horfði við hér.

Velkomið að veita nánari upplýsingar eða reyna að skýra frekar sé talin þörf á.

Samkvæmt framanrituðu er það niðurstaða bæjarstjórans að eftir að horfið var frá því að vera með sameiginlega yfirstjórn yfir grunn- og leikskóla hafi bæði stjórnun og faglegi þáttur skólastarfsins batnað. Einnig hafi reynst dýrara að vera með sameiginlega yfirstjórn.

TÓNLISTARSKÓLI HÚNAÞINGS VESTRA

Tónlistarskóli Húnaþings vestra var stofnaður 15. júní 1968, hóf starfsemi haustið 1969 og hefur starfað samfelld síðan. Er yfirstandandi ár (2014) því 45. starfsár skólans.

Skólinn starfar eftir gildandi námsskrám sem gefnar eru út af menntamálaráðuneytinu og framfylgir prófáföngum sem eru samræmdir yfir landið, þ.e. grunn-, mið- og framhaldspróf.

Kennarar við skólann eru fimm auk skólastjóra.

Kennsla hefur farið fram á fjórum stöðum:

Húsnæði tónlistarskólans, Hvammstangabraut 10.
Húsnæði grunnskólans á Hvammstanga.
Húsnæði grunnskólans á Laugarbakka og
grunnskólanum og leikskólanum á Borðeyri.

Tónlistarskólinn hefur haft tvær tónlistarstofur (kennslustofur) til afnota í grunnskólanum á Hvammstanga. Einnig hefur skólinn haft afnot af almennum kennslustofum þar. Á Laugarbakka hefur skólinn haft til afnota þrjár til fjórar stofur. Um er að ræða heimavistarherbergi. Í húsnæði tónlistarskólans eru þrjár kennslustofur.

Þar sem húsnæði grunnskólans á Hvammstanga og Laugarbakka hefur ekki verið full nýtt hefur tónlistarskólinn notið nokkurrar sérstöðu með aðstöðu í húsnæði grunnskólans.

Hver kennslutími í tónlistarskólanum er í 30 mínútur.

Á vorönn 2014 eru nemendur tónlistarskólans 94, þar af eru 73 nemendur, sem jafnframt eru í Grunnskóla Húnaþings vestra (Hvammstanga og Laugarbakka).

Sumir nemendur tónlistarskólans eru teknir úr tímum í grunnskólanum til að fara í tónlistartíma og fer þá kennslan fram í húsnæði grunnskólans. Er þetta misoft hjá nemendum og sumir eru aldrei teknir úr tíma í grunnskólanum vegna tónlistarskólans.

Nú á vorönn eru nemendur teknir í 44 skipti (44 kennslutíma, hver 30 mínútur) úr tímum í grunnskólanum á Laugarbakka til að fara í tónlistarnám og 23 skipti (23 kennslutíma) á Hvammstanga. Auk þess er nemendum kennt samtals 28 kennslutíma í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga eftir að kennslu lýkur að deginum í grunnskólanum.

Nemendur grunnskólans sækja einnig tónlistarkennslu í húsnæði tónlistarskólans eftir að kennslu lýkur í grunnskólanum frá mánudegi til föstudags. Fjöldi kennslustunda þar er 40. Samtals sækja því nemendur grunnskólans 135 kennslutíma í tónlistarskólanum í viku hverri.

Á Borðeyri eru fjórir nemendur teknir úr kennslutíma í grunnskólanum. Auk þess sækja tveir nemendur tónlistarkennslu á Hvammstanga á mánudögum þegar nemendurnir eru þar. Um er að ræða nemendur sem eru með sértök hljóðfæri sem ekki eru á Borðeyri. Einnig svo ekki þurfi að senda kennara til Borðeyrar einungis til að kenna t.d. tveimur nemendum.

Tveir nemendur úr leikskólanum sækja tónlistarnám í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga.

Tafla 13: Skipting nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra, sem eru í tónlistarnámi, eftir bekkjardeildum vorið 2014

| | |
|-------------------|-------------------|
| 1. bekkur | 4 nemendur |
| 2. bekkur | 11 nemendur |
| 3. bekkur | 4 nemendur |
| 4. bekkur | 11 nemendur |
| 5. bekkur | 10 nemendur |
| 6. bekkur | 7 nemendur |
| 7. bekkur | 3 nemendur |
| 8. bekkur | 7 nemendur |
| 9. bekkur | 12 nemendur |
| 10. <u>bekkur</u> | <u>4 nemendur</u> |
| Samtals | 73 nemendur |

Heimild: Skólastjóri tónlistarskólans

Tafla 13 sýnir skiptingu nemenda í Grunnskóla Húnaþings vestra, sem eru í tónlistarnámi vorið 2014 eftir bekkjardeildum.

Tafla 14: Skipting kennslustunda, sem hver er 30 mínútur, á milli námshópa vorið 2014

| | <u>Fjöldi nemenda</u> | <u>Kennslustundir samtals</u> |
|-------------------------------|-----------------------|-------------------------------|
| Í Grunnskóla Húnaþings vestra | 73 | 135 |
| Í Grunnskólanum á Borðeyri | 6 | 6 |
| Í dreifinámi | 5 | 10 |
| 18 ára og eldri | 8 | 15 |
| Í Leikskólanum Ásgarði | 2 | 2 |
| Samtals | 94 | 168 |

Heimild: Skólastjóri tónlistarskólans

Tafla 14 sýnir fjölda nemenda skipt eftir námshópum og fjölda kennslustunda samtals fyrir hvern hóp vorið 2014. Hver kennslustund er í 30 mínútur, sbr. hér að framan.

MÖTUNEYTI

Matur fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra er allur lagaður í eldhúsi grunnskólans á Laugarbakka. Engin aðstaða er til matargerðar í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga. Tillagan hér að framan gerir ráð fyrir að svo verði áfram og einungis verði móttökuaðstaða á mat í húsnæðinu á Hvammstanga enda ekki rými skv. tillögunni til að setja upp eldhús þar.

Gott eldhús er í leikskólanum á Hvammstanga. Eldhúsið þar er of lítið til að útbúa mat einnig fyrir grunnskólann. Hefur Bjarni Þór Einarsson, Ráðbarði sf., skoðað eldhúsið og staðfest það. Allur matur vegna grunn- og leikskólans á Borðeyri er framreiddur þar.

Miðað við þessa stöðu má segja að tveir kostir séu í stöðunni. Annars vegar að halda matreiðslunni áfram í húsnæði grunnskólans á Laugarbakka og keyra hann eins og gert hefur verið á Hvammstanga. Þessi ákvörðun gæti stangast á við framtíðar not hússins. Hins vegar er að kaupa tilbúinn mat frá verktaka.

Í þeim viðræðum sem skýrsluhöfundur hefur átt við sveitarstjóra hefur komið fram að vilji stæði til hjá sveitarstjórnarmönnum að fara þá leið. Meðal annars með það að markmiði að styrkja þann möguleika að viðkomandi gæti hafið rekstur með matsölustað á Hvammstanga sem opinn væri fyrir almenning.

Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra hefur verið auglýst eftir áhugasömum aðila til að annast framleiðslu skólamáltíða fyrir grunnskólann (bæði á Hvammstanga og Laugarbakka) og rekstur veitingahúss á Hvammstanga. Niðurstaða hefur ekki fengist þegar þetta er ritað, í febrúar 2014.

Það er mat skýrsluhöfundar miðað við þann kostnað, sem matargerðin kostar skólann í dag skv. upplýsingum úr aðalbók árið 2013, þurfi ekki að vera kostnaðarauki við að kaupa matinn tilbúinn.

Með vísan til framanritaðs verður ekki gerð tillaga í skýrslunni um fyrirkomulag á matreiðslu fyrir skólann.

HÚSNÆÐI GRUNNSKÓLANS Á LAUGARBAKKA

Varðandi þann möguleika að öll starfsemi Grunnskóla Húnaþings vestra færi fram á Laugarbakka óskaði skýrsluhöfundur eftir áliti Bjarna Þórs Einarssonar, Ráðbarði sf., á þeim möguleika. Samkvæmt hans niðurstöðu er heildar fermetrafjöldi skólahúsnæðisins á Laugarbakka meira en nægur fyrir skólann. Hins vegar þyrfti að ráðast í verulegar breytingar á húsnæðinu til þess að hægt væri að koma öllum nemendum fyrir í hæfilegum stofum fyrir kennsluna. Þær breytingar eru kostnaðarsamar þar sem húsið er allt steypt í hólfi og gólf, gangar eru þröngir og breytingar á þeim hafa illleysanleg áhrif á burðarvirki hússins. Hans niðurstaða er að það yrði mun dýrara að koma öllum grunnskólanum fyrir á Laugarbakka en á Hvammstanga.

Einnig er rétt að hafa í huga að íþróttahúsið á Hvammstanga er stærra og betur búið en á Laugarbakka og jafnframt að öll sundkennsla fer fram á Hvammstanga, þar sem engin sundlaug er á Laugarbakka. Þannig þyrfti a.m.k. að aka nemendum til Hvammstanga, ef allt skólahald væri á Laugarbakka, til að fara í sundkennslu. Einnig mætti ætla að vilji stæði til þess að sækja íþróttir í stærra íþróttahúsið, sem er á Hvammstanga.

Rétt er að leggja áherslu á að framlög úr Jöfnunarsjóði fást ekki vegna skólaaksturs ef ekið er úr byggðakjarna, eins og Laugarbakka, í þéttbýli eða öfugt. Þannig fengist ekki framlag vegna aksturs frá Laugarbakka til Hvammstanga vegna sundkennslunnar. Sveitarfélagið þyrfti alfarið að standa undir þeim kostnaði.

FRAMTÍÐAR NÝTING HÚSNÆÐISINS Á LAUGARBAKKA?

Verði það niðurstaðan að hætta grunnskólakennslu á Laugarbakka þarf að finna starfsemi sem fram gæti farið í húsnæði grunnskólans þar. Mikilvægt er að leitað verði að þannig starfsemi að sveitarfélagið þurfi ekki að bera kostnað af rekstri húsnæðisins.

Sú starfsemi sem fundin verður mun örugglega kalla á starfsfólk, þannig að um yrði að ræða atvinnuskapandi starfsemi í sveitarfélaginu sem styrkja myndi byggðina og þá ekki hvað síst á Laugarbakka sem er mikilvægt. Þannig má ljóst vera að til mikils er að vinna.

Að mati skýrsluhöfundar má nefna þrjá möguleika. Í fyrsta lagi má nefna heilsárshótelrekstur. Kemur þá helst til nálægðin við Þjóðveg 1. Í öðru lagi má nefna heilsutengda þjónustu og svo í þriðja lagi skólatengdan rekstur. Hér er örugglega ekki um tæmandi upptalningu að ræða og margt fleira kemur til greina.

Skýrsluhöfundur vill hér staldra við kennslutengdan rekstur. Skýrsluhöfundur starfaði um tíma sem sveitarstjóri í Dalabyggð. Fyrir þann tíma hafði skólahaldi á Laugum í Sælingsdal verið hætt. Á Laugum eru mikil mannvirki, skólahúsnæði, gistiaðstaða, útisundlaug og íþróttahús. Einnig er þar íbúðahúsnæði sem tilheyrði skólastarfseminni á sínum tíma. Markviss vinna hófst við að finna framtíðarrekstur á Laugum.

Skoðaðir voru m.a. möguleikar á því að reka þar skólabúðir fyrir grunnskólanemendur og dvalar- og fræðasetur fyrir eldri borgara, t.d. 60 ára og eldri.

Niðurstaðan varð sú að gerður var samningur við Ungmennafélag Íslands um rekstur skólabúða fyrir grunnskólanemendur. Reksturinn hófst árið 2004 og hefur síðan verið

haldið áfram við góðan orðstír. Við þetta hafa skapast atvinnutækifæri fyrir íbúa sveitarfélagsins og aukin umsvif í sveitarfélaginu.

Á þessum undirbúningstíma fór einnig mikil vinna í að skoða stofnun Dvalar- og fræðaseturs fyrir 60 ára og eldri, sem skýrsluhöfundur tók virkan þátt í. Undirrituð var yfirlýsing sveitarstjórnar Dalabyggðar, Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík um undirbúning að stofnun sjálfstæðrar stofnunar um rekstur Dvalar- og fræðaseturs fyrir eldri borgara á Laugum í Sælingsdal. Á frumstigi var málið kynnt fulltrúum heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Hjá öllum þessum aðilum var mikil áhugi fyrir verkefninu. Undirbúningur var vel á veg kominn. Um verkefnið var tekin saman greinargerð og fylgir hún hér með skýrslunni sem fylgiskjal 3. Greinargerðin var unnin af skýrsluhöfundi og fulltrúa í Félagi eldri borgara í Reykjavík.

Til frekari upplýsingar um hugmyndafræðina er vísað í fylgiskjalið.

Rétt er að fram komi að ástæðan fyrir því að stofnaðar voru skólabúðir fyrir grunnskólanemendur var sú að til skjalanna kom fjársterkur aðili, sem sýndi verkefninu mikinn áhuga og lýst vilja sínum til að taka verkefnið að sér. Um var að ræða Ungmennafélag Íslands.

Með hliðsjón af því var þessi ákvörðun tekin. Ekki það að hugmyndin um Dvalar- og fræðasetur fyrir aldraða hafi ekki þótt framkvæmaleg, þvert á móti var mikill vilji til að hrinda henni í framkvæmd. Að mati skýrsluhöfundar á ekkert að vera því til fyrirstöðu fyrir sveitarstjórn Húnaþings vestra að taka upp þráðinn að nýju þar sem sveitarstjórn Dalabyggðar sleppti honum.

Tillögur

1. HÚSNÆÐI GRUNNSKÓLANS Á HVAMMSTANGA

Lagt er til að skólahald Grunnskóla Húnaþings vestra fari fram í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga.

Eftir ítarlega könnun á því hvort húsnæði grunnskólans á Hvammstanga geti hýst alla nemendur skólans er niðurstaðan að það sé vel hægt, sjá fylgiskjal 1. Einnig að það húsnæði henti betur fyrir allt skólahald Grunnskóla Húnaþings vestra en húsnæðið á Laugarbakka.

Hér skiptir einnig miklu máli að stjórnendur skólans eru þessarar skoðunar einnig. Þessi niðurstaða kemur líka vel heim og saman við fyrirsjáanlega íbúapróun.

Ljóst er að með því að vera með allt skólahald í sama húsnæði verður það öflugra. Einnig fylgir því hagræðing sem leiðir til sparnaðar á ári hverju um allt að 32 millj. kr. miðað við núverandi fyrirkomulag.

Rétt er að hafa í huga að í náinni framtíð getur ýmislegt það gerst sem leitt getur til fjölgunar leik- og grunnskólabarna í sveitarfélaginu.

Með því að fara þá leið að hýsa hluta af starfsemi grunnskólans í húsnæði leikskólans er ljóst að ef leikskólinn þyrfti meira rými vegna fjölgun barna væri komið upp vandamál, sem erfitt yrði að leysa með grunnskólanemendum í húsnæðinu.

Hins vegar verði farið að framangreindri tillögu, miðað við þá fækkun sem fyrirsjáanleg er á núverandi íbúum sveitarfélagsins á grunnskólaaldri, að húsnæði grunnskólans getur tekið við nýjum íbúum á skólaskyldum aldri, að sjálfsgöðu upp að ákveðnu marki. Þannig verður einnig hægt að taka við fleiri leikskólabörnum í húsnæði leikskólans

Þannig má ætla að verði farið að þessari tillögu eigi að vera hægt að taka á móti nýjum nemendum á næstu árum án þess að bæta þurfi við húsnæði, bæði hvað varðar húsnæði leikskólans og grunnskólans.

2. BREYTINGAR Á HÚSNÆÐINU

Lagt er til að farið verði í þær breytingar á húsnæði grunnskólans á Hvammstanga sem fram koma í tillögu Bjarna Þórs Einarssonar, sjá fylgiskjal 1.

Hér er lagt til að farið verði í þær breytingar sem Bjarni Þór Einarsson leggur til skv. fylgiskjali 1. Heildarkostnaður við þessar breytingar er samtals 16.621 þús. kr., sjá sundurliðun á fylgiskjali 2.

3. YFIRSTJÓRN GRUNNSKÓLANS OG LEIKSKÓLANS

Lagt er til að yfirstjórn grunn- og leikskóla verði ekki sameinuð verði farið að tillögunni hér að framan.

Með vísan til reynslu annar staðar frá, þar sem yfirstjórn grunn- og leikskóla hefur

verið sameinuð og skólahald fer ekki fram í sama húsnæði, er þessi tillaga m.a. sett hér fram.

Það er mat skýrsluhöfundar að skólahaldið fari betur fram þegar yfirstjórn er aðskilin, þ.e. að vera áfram með skólastjóra grunnskólans og leikskólastjóra yfir leikskólanum.

4. YFIRSTJÓRN GRUNNSKÓLANS Á BORÐEYRI

Lagt er til að skólahald á Borðeyri verði áfram með óbreyttu fyrirkomulagi næstu ár og leikskólastjóri Ásgarðs verði áfram yfirmaður grunnskólamála þar. Jafnframt að á næstu misserum verði tekin ákvörðun um framtíð skólahalds á Borðeyri.

Hér er lagt til að meðan áfram verður skólahald á Borðeyri verði það með sama hætti og verið hefur. Leikskólastjóri Ásgarðs verði jafnframt yfirmaður grunnskólahalds á Borðeyri eins og yfir leikskólanum þar.

Jafnframt er lagt til að á næstu misserum verði tekin ákvörðun um áframhaldandi skólahald á Borðeyri eða fyrirkomulag þess.

Ljóst er miðað við óbreytt ástand að íbúum á Borðeyrarsvæðinu, á skólaaldri, muni fækka verulega á næstu árum og þá sérstaklega eftir skólaárið 2016 til 2017. Eins og áður er gerður fyrirvari á þessu hér því ekki þarf nema eina nýja barnmarga fjölskyldu inn á svæðið til að breyta þessu.

Bent er á að samningur við leikskólastjóra um skólastjórn á Borðeyri rennur út í júlí 2014.

5. TÓNLISTASKÓLINN

Lagt er til að tónlistarskólinn fái afnot af einu rými (kennslustofu) í eldri hluta skólahúsnæðisins á Hvammstanga. Einnig verði athugað hvort mögulegt sé að leigja aðstöðu í safnaðarheimilinu til kennslu fyrir nemendur sem teknir eru úr kennslutíma í grunnskólanum.

Mikilvægt er að áfram verði hægt að taka nemendur í grunnskólanum úr tíma til að sækja tónlistarnám. Til að mæta því er hér lagt til að tónlistarskólinn haldi einu litlu rými, sem hann hefur nú, til afnota í grunnskólanum. Að auki er lagt til að kanna hvort mögulegt sé að leigja aðstöðu í safnaðarheimilinu til kennslu fyrir tónlistarskólann.

Hafa ber í huga að vegalengd frá húsnæði grunnskólans til húsnæðis tónlistarkennslu sé ekki lengri en að hægt sé að senda nemendur á milli húsa í kennslutíma og einnig að það sé forsvaranlegt í misunandi veðrum. Með hliðsjón af þessu er hér lagt til að kanna hvort mögulegt sé að fá aðstöðu í safnaðarheimilinu.

Jafnframt á ekkert að vera því til fyrirstöðu að tónlistarskólinn fái áfram afnot af almennum kennslustofum í húsnæði grunnskólans eftir að kennslu lýkur þar á daginn.

6. FRAMTÍÐAR NÝTING SKÓLAHÚSNÆÐISINS Á LAUGARBAKKA

Lagt er til að kanna möguleika á því að hefja rekstur Dvalar- og fræðaseturs fyrir 60 ára og eldri á Laugarbakka, að því gefnu að framangreind tillaga um skólahald grunnskólans nái fram að ganga.

Í nútíma þjóðfélagi hefur reynslan sýnt að mörgum öldruðum hefur reynst flókið að átta sig á ýmsum réttindum sínum. Það er mörgum erfitt að gera sér grein fyrir réttindum sínum í kerfinu, t.d. lífeyrisrétti o.s.frv. Það getur einnig reynst mörgum erfitt að átta sig á því að laun lækki þegar hætt er að vinna. Mikilvægt er að veita leiðsögn í því hvernig eigi að bregðast við slíku.

Mörgum veitist erfitt að eldast. Margur hefur ekki undirbúið sig undir efri árin og því jafnvel haft lítið fyrir stafni þegar vinnu lýkur. Mögulegt er að undirbúa fólk til að takast á við þetta tímabil á ævinni, sem getur reynst hinn besti tími ef rétt er tekið á málum. Aukna fræðslu vantar fyrir fólk, sem er að nálgast eftirlaunaaldurinn, en er enn í fullri vinnu.

Á undanförnum árum og áratugum hefur fjölskyldumunstrið breyst. Þannig þykir það orðið eðlilegur hlutur að aldraðir sjái um sig sjálfir án aðstoðar ættingja. Þetta hefur skapað vandamál, sem hægt væri að leysa með fræðslu og þar með gera fólk sjálfstæðara. Samfara þessum breytingum eru aldraðir yfirleitt heilsubetri en áður var og því lengur hæfir til sjálfsbjargar.

Auk framanritaðs vantar ýmis konar uppbyggileg námskeið fyrir eldri borgara eins og t.d. í ættfræði, í sögu, tölvunámskeið, leiðsögn í tómstundaiðju o.s.frv.

Með hliðsjón af framanrituðu má ætla að full þörf sé á rekstri dvalar- og fræðaseturs fyrir 60 ára og eldri.

Það leikur vart vafi á því að stofnun dvalar- og fræðaseturs fyrir 60 ára og eldri í landinu yrði stórt framfaraspor til þjónustu við þá, sem lokið hafa þátttöku í opinberu atvinnulífi eða eru að nálgast það og horfa til ævikvöldsins.

Þar gæfist þeim kostur á að dvelja um skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum hvers og eins sér til hvíldar og andlegrar hressingar. Það myndi stuðla að bættu heilsufari og gerir ævikvöldið fyrir marga léttbærara og ánægjulegra.

Margir af þeim sem komnir eru á eftirlaun hafa mikla starfsorku og skíra hugsun og margvísleg áhugamál sem þeir vilja vinna að. Starfskrafta þeirra mætti nýta við rekstur dvalar- og fræðaseturs. Meðal þeirra er að finna menn úr öllum þjóðfélagsstéttum með víðtæka og fjölbreytta menntun bæði í huglægum og verklegum greinum.

Á dvalar- og fræðasetrinu yrði tvinnuð saman hvíld, slökun og fræðslustarfi, enda er af mörgu að taka. Allt til að stuðla að bættu heilsufari fólks, andlega og líkamlega. Þetta mun auka fólki þrótt og gleði og örva það til að taka sér eitthvað fyrir hendur sem veitir lífsfyllingu.

Laugarbakki liggur vel við þjóðvegi 1 og er miðja vegu á milli Reykjavíkur og Akureyrar.

Lokaorð

Eftir að hafa átt fund með skólastjórnendum í Húnaþingi vestra, skoðað húsnæði grunnskólans og farið yfir gögn málsins er það niðurstaða skýrsluhöfundar að leggja til að allt skólahald grunnskólans í Húnaþingi vestra fari fram í húsnæði grunnskólans á Hvammstanga. Fyrst um sinn verði haldið áfram því fyrirkomulagi sem nú er á Borðeyri, þ.e. grunn- og leikskóli rekinn áfram þar undir yfirstjórn leikskólastjóra Ásgarðs. Hins vegar er ljóst að á næstu árum þarf að taka ákvörðun um framtíð skólahalds á Borðeyri vegna fækkunar barna og nemenda þar nema fólki fjölgi þar á nýjan leik.

Ákveðið var að leita til Bjarna Þórs Einarssonar til þess að kanna hvort húsnæði grunnskólans á Hvammstanga gæti hýst alla nemendur skólans. Ef svo væri, að gera jafnframt tillögu að breytingum á húsnæði til að það uppfylli þau skilyrði sem þarf, ásamt kostnaðaráætlun. Niðurstaða hans er að húsnæðið getur vel hýst alla nemendur grunnskólans.

Það er mat skýrsluhöfundar að nái þessi tillaga fram að ganga muni skólinn eflast og einnig nást nokkur hagræðing í rekstri skólans. Um getur verið að ræða sparnað allt að 32 millj. kr. á ári. Kostnaðaráætlun vegna breytinga, sem lagt er til að ráðist verði í, nemur rétt um helming af þessari upphæð. Þannig ætti að vera mögulegt á næstu árum að skapa fjármagn til að endurbæta skólahúsnæðið enn frekar og jafnvel auka tækjakost skólans eins og t.d. tölvukost hans án þess að það þýði aukin útgjöld frá því sem nú er.

Verði farið að þessari tillögu er mikilvægt að þegar verði hafist handa við að finna nýja starfsemi í húsnæði grunnskólans á Laugarbakka. Með því verði sköpuð ný atvinnutækifæri í sveitarfélaginu og tryggt að rekstur húsnæðisins falli ekki á sveitarfélagið.

Í skýrslunni er m.a. lagt til að kannað verði hvort mögulegt sé að stofna Dvalar- og fræðasetur fyrir 60 ára og eldri. Á sínum tíma vann skýrsluhöfundur að stofnun slíks seturs að Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð. Mikill áhugi var fyrir því hjá eldri borgurum. Viðræður fóru fram við ráðuneyti, lífeyrissjóði o.fl. aðila um að koma að fjármögnun rekstursins. Ekki reyndi á stofnun setursins á sínum tíma þar sem Ungmennafélag Íslands gaf sig fram og lýsti yfir vilja til að taka að sér rekstur Ungmennabúða að Laugum í Sælingsdal. Hefur sá rekstur staðið yfir frá árinu 2004 og eru engin merki um annað en að svo megi verða um ókomna framtíð.

Hér er lagt til að þráðurinn verði tekinn upp að nýju varðandi Dvala- og fræðasetur á Laugarbakka.

Reykjavík, 5.3.2014,


Haraldur L. Haraldsson,
hagfræingur

Fylgiskjöl

1. Tillaga að breyttu skipulag fyrstu hæðar húsnæðis grunnskólans á Hvammstanga
2. Kostnaðaráætlun vegna breytinga á húsnæði Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga
3. Dvalar- og fræðasetur á Laugum í Sælingsdal, Dalabyggð

Fylgiskjal 1

Tillaga að breyttu skipulagi fyrstu hæðar húsnæðis grunnskólans á Hvammstanga



Fylgiskjal 2

Kostnaðaráætlun vegna breytinga á húsnæði Grunnskóla Húnaþings vestra á Hvammstanga

| GRUNNSKÓLI HÚNAÞINGS VESTRA Á HVAMMSTANGA | | | | | | |
|---|---------------------------------------|----------------|-------------|-------------|----------------------|-------------------|
| BREYTINGAR VEGNA FLUTNINGS SKÓLAHALDS FRÁ LAUGARBAKKA | | | | | | 41.674 |
| KOSTNAÐARÁÆTLUN | | | | | | |
| | | <i>eining</i> | <i>magn</i> | <i>verð</i> | <i>Alls kr vinna</i> | <i>Alls efni</i> |
| 1.0 | Stækkun glugga | stk | 3 | 150000 | 270.000 | 180.000 |
| 1.1 | Niðurrif veggja | m ² | 70 | 12000 | 840.000 | 0 |
| 1.2 | Sögun og frágangur dyraopa | stk | 4 | 70000 | 280.000 | 0 |
| 1.3 | Lokun dyrapoa | stk | 5 | 40000 | 160.000 | 40.000 |
| 1.4 | Nýjir innveggir | m ² | 30 | 18000 | 216.000 | 324.000 |
| 1.5 | Nýjar hurðir | stk | 3 | 180000 | 108.000 | 432.000 |
| 1.6 | Ný útihurð | stk | 1 | 300000 | 60.000 | 240.000 |
| 1.7 | Fellihurðir H = 2,5 | m | 10 | 300000 | 600.000 | 2.400.000 |
| 1.8 | Gólfefni - Afrif, flotun, nýlög | m ² | 300 | 12000 | 1.800.000 | 1.800.000 |
| 1.9 | Breytingar á frárennislögnum | heild | 1 | 300000 | 240.000 | 60.000 |
| 1.10 | Breytingar á vatnslögnum | heild | 1 | 250000 | 125.000 | 125.000 |
| 1.11 | Breytingar á raflögnum | heild | 1 | 500000 | 250.000 | 250.000 |
| 1.12 | Breytingar á tölvulögnum | heild | 1 | 1200000 | 840.000 | 360.000 |
| 1.13 | Málun veggir og loft | m ² | 500 | 2200 | 770.000 | 330.000 |
| 1.14 | Felliborð 8 og 12 manna | sæti | 72 | 17360 | 0 | 1.249.920 |
| 1.15 | Heimilisfræði - Flutningur og aðlögun | heild | 1 | 1200000 | 1.200.000 | 0 |
| 1.16 | Fatahengi - Breyting og viðbót | heild | 1 | 500000 | 100.000 | 400.000 |
| | | | | Samtals kr. | 7.859.000 | 8.190.920 |
| | | | | Alls | | 16.049.920 |
| | Endurgreiddur virðisaukaskattur | | | | 1.596.847 | 14.453.073 |
| | Hönnun og ófyrirséð 15% | | | | | 2.167.961 |
| | | | | | | 16.621.034 |
| Unnið af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf. | | | | | | |

Fylgiskjal 3

Dvalar- og fræðasetur á Laugum í Sælingsdal, Dalabyggð

1.0 Aðdragandi verkefnisins

Á grundvelli meðfylgjandi yfirlýsingar sveitarstjórnar Dalabyggðar, Landssambands eldri borgara og Félags eldri borgara í Reykjavík hefur verið unnið að undirbúningi að stofnun sjálfstæðrar stofnunar um rekstur Dvalar- og fræðaseturs fyrir eldri borgara á Laugum í Sælingsdal. Á frumstigi var málið kynnt fulltrúum heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis, Tryggingastofnunar ríkisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í nútíma þjóðfélagi hefur reynslan sýnt að mörgum öldruðum hefur reynst flókið að átta sig á ýmsum réttindum sínum. Það er mörgum erfitt að gera sér grein fyrir réttindum sínum í kerfinu, t.d. lífeyrisrétti o.s.frv. Það getur einnig reynst mörgum erfitt að átta sig á því að laun lækki þegar hætt er að vinna. Mikilvægt er að veita leiðsögn í því hvernig eigi að bregðast við slíku.

Mörgum veitist erfitt að eldast. Margur hefur ekki undirbúið sig undir efri árin og því jafnvel haft lítið fyrir stafni þegar vinnu lýkur. Er möguleiki að undirbúa fólk til að takast á við þetta tímabil á ævinni, sem getur reynst hinn besti tími ef rétt er tekið á málum. Aukna fræðslu vantar fyrir fólk, sem er að nálgast eftirlauna aldurinn, en er enn í fullri vinnu.

Á undanförunum árum og áratugum hefur fjölskyldumunstrið breyst. Þannig þykir það orðið eðlilegur hlutur að aldraðir sjái um sig sjálfir án aðstoðar ættingja. Þetta hefur skapað vandamál, sem hægt væri að leysa með fræðslu og þar með gera fólk sjálfstæðara. Samfara þessum breytingum eru aldraðir yfirleitt heilsu betri en áður var og því lengur hæfir til sjálfsbjargar.

Auk framanritaðs vantar ýmis konar uppbyggileg námskeið fyrir eldri borgara eins og t.d. í ættfræði, í sögu, tölvunámskeið, leiðsögn í tómstundaiðju o.s.frv.

Með hliðsjón af öllu framanrituðu var talin full þörf á rekstri dvalar- og fræðaseturs fyrir aldraða og því hafist handa við undirbúning að stofnun slíks seturs.

2.0 Sérstaða dvalar- og fræðaseturs fyrir aldraða.

Það leikur vart vafi á því að stofnun dvalar- og fræðaseturs fyrir eldri borgara í landinu yrði stórt framfaraspor til þjónustu við þá, sem lokið hafa þátttöku í opinberu atvinnulífi og horfa til ævikvöldsins.

Þar gæfist þeim kostur á að dvelja um skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum hvers og eins sér til hvíldar og andlegrar hressingar. Það myndi stuðla að bættu heilsufari og gerir ævikvöldið fyrir marga léttbærara og ánægjulegra.

Í boði yrði margskonar fræðslu- og heilsuþótarstarf sem nýttist öldruðum vel og þeim fyndist þeir ekki settir til hliðar í þjóðfélaginu sem einhver afgangsstærð, sem komið sé fyrir í biðsalnum.

Margir af þeim sem komnir eru á eftirlaun hafa mikla starfsorku og skíra hugsun og margvísleg áhugamál sem þeir vilja vinna að. Starfskrafta þeirra mætti nýta við rekstur dvalar- og fræðaseturs. Meðal þeirra er að finna menn úr öllum þjóðfélagsstéttum með víðtæka og fjölbreytta menntun bæði í huglægum og verklegum greinum.

Á dvalar- og fræðasetrinu yrði tvinnað saman hvíld, slökun og fræðslustarfi, sem mörgu er af að taka. Allt til að stuðla að bættu heilsufari fólks, andlega og líkamlega. Þetta mun auka því þrótt og gleði og örva það til að taka sér eitthvað fyrir hendur sem veitir því lífsfyllingu.

Mikilvægt er að kynna öldruðum réttarstöðu sína í samfélaginu.

3.0 Staðarval

Gert er ráð fyrir að starfsemi dvalar- og fræðasetursins verði á Laugum í Sælingsdal í Dalabyggð og þar verði boðið upp á þjónustu fyrir aldraða alls staðar af landinu.

3.1 Aðstaða

Aðstaðan sem boðið er upp á er kennsluhúsnæði, sem byggt var á sínum tíma fyrir grunnskólanemendur í Dalasýslu. Á staðnum er gott íþróttahús og sundlaug með heitum pottum.

Í húsnæðinu er byggðasafn Dalamanna. Auk þess er þar bókasafn.

Boðið er upp á ný endurgert hótél, sem telur 22 herbergi með 40 rúmum.

4.0 Umfang þjónustu

Gert ráð fyrir að á hverjum tíma verði um 40 manns á fræða- og dvalarsetrinu. Boðið verði upp á námskeið og ýmis konar afþreyingu, sem standi yfir í eina til tvær vikur. Ráðinn verði forstöðumaður, skólastjóri, sem beri ábyrgð á rekstri fræða- og dvalasetursins. Auk hans verði ráðinn starfsmaður, t.d. félagsfræðingur. Aðrir fyrirlesarar og/eða leiðbeinendur verða ráðnir í hlutastörf, t.d. kennarar við Grunnskólann í Búðardal, og kallaðir til sérstakir fyrirlesarar og leiðbeinendur til ákveðinna verkefna. Þessir aðilar gætu m.a. komið úr hópi aldraðra.

Lækna- og hjúkrunarþjónustu mun heilsugæslustöðin í Búðardal annast.

5.0 Markmið

Markmið með starfsemiinni er að auka lífsgæði og efla velferð þeirra einstaklinga sem hér um ræðir.

Markmiðið með fræðslustarfi fyrir aldraða er að halda þeim andlega vakandi, gefa þeim kost á að fylgjast með þróun mála er lúta að öldrun, viðhalda færni þeirra til sjálfsbjargar svo lengi sem unnt er, efla sjálfsvirðingu þeirra, stuðla að heilsurækt og hollustu, handmenntum og tómstundaiðju og vinna gegn einangrun sem sumir aldraðir lokast í.

6.0 Verkefnið

Gert er ráð fyrir að hér sé um tilraunaverkefni að ræða og það eigi sér rúmlega þriggja ára líftíma, þ.e. frá byrjun árs 2001 til vors árið 2004. Undirbúningstími yrði janúar til ágúst árið 2001. Dvalar- og fræðasetrið taki síðan formlega til starfa í september árið 2001.

Allar vinnuáætlanir taki mið af líftíma verkefnisins og að leiðin sé vörðuð áfangamarkmiðum. Í byrjun árs 2004 verði gerð úttekt á árangri starfseminnar og það metið hvort réttlætlanlegt sé að halda henni áfram.

7.0 Starfsemin

Skipta má viðfangsefnum í þrjá flokka sem hver um sig er mikilvægur og margþættur en þeir eru:

- a. Fræðslustarf,
- b. félagsþjónusta og tryggingamál,
- c. heilsugæsla og heilbrigðisþjónusta.

Öll þessi málasvið snerta hvern einstakling þó mismikið eftir aldri og aðstæðum. Þau skarast að sjálfsögðu og í framkvæmd yrði málaflökkum að einhverju leyti blandað saman. Eigi að síður yrði skipað niður á einstakar vikur málaflökkum sem tengjast meira hver öðrum og þannig reynt að mæta þörfum og áhugasviðum einstaklinga og hópa. Að sjálfsögðu myndi eftirspurn eftir efnisþáttum ráða miklu um hvað væri í boði hverju sinni svo og árstími sem hentaði hverju viðfangsefni best.

Fræðslan getur farið fram með ýmsu móti svo sem með: Fyrirlestrum, myndsjóningum, sýnikennslu, lestri prentaðs máls, verknámi, viðtalshópum, vettvangsferðum, tónlist og söng.

Kennsluformið yrði valið hverju sinni miðað viðfangsefni og óskir hópa sem sæktu hvert námskeið o.s.frv.

Hvað tekið yrði fyrir hverju sinni er að sjálfsögðu háð ytri aðstæðum og takmarkast einnig af fjárráðum dvalar- og fræðasetursins og möguleikum á kennurum og leiðbeinendum, en sjálfgefið er að oft má nýta þekkingu og reynslu dvalargesta sjálfra til að miðla fróðleik á svona stað.

Sú hugmynd hefur verið nefnd að til álita kæmi að hafa samstarf við hliðstæð dvalarsetur á Norðurlöndum og möguleika á því að taka á móti fólki þaðan, sem vildi koma til Íslands í stutta heimsókn.

Einnig kæmi til athugunar að gefa fólki kost á dvöl um jól og áramót, fólki sem vildi njóta hvíldar og friðar þar og ætti fárra kosta vól á samneyti við fjölskyldur eða vini á þessum tíma.

Til fróðleiks eru nefnd hér nokkur dæmi um viðfangsefni, sem til greina kæmu að tekin yrðu fyrir og þeim skipað í fimm hópa til hagræðis.

a) Fræðilegir fyrirlestrar:

Staða aldraðra í samfélaginu,
heilbrigðisþjónustan,
sjúkdómar aldraðra,
hjarta- og æðasjúkdómar,
heilsurækt,
bókmenntir: Gamlar og nýjar,
sagnfræði,
þjóðfræði,
náttúrufræði: Jarðfræði, grasfræði, dýrafræði,
hagfræði,
atvinnuvegir,
mannfræði,
ættfræði,
klæðnaður fólks fyrr og nú,

landkynning,
ferðalög,
listir,
trúarbrögð,
fjölmiðlar,

b) Félags- og tryggingamál:

Almennar upplýsingar um tryggingarmál og réttarstöðu aldraðra,
Tryggingastofnun ríkisins,
sjúkratryggingar,
slysatryggingar,
ferðatryggingar,
lífeyristryggingar,
heimilishjálp,
hjálpertæki hreyfihamlaðra,
skattamál,
fasteignagjöld,
erfðamál,

c) Heilsa og hollusta:

Líkamsrækt,
heilsufræði,
þol- og þrekæfingar,
mataræði,
megrun,
íþróttir, sem hæfa öldruðum, t.d. sund, gönguferðir, leikfimi, boccia, minigolf,
boltaleikir og pútt,
fyrirbyggjandi æfingar og þjálfun vegna slits og sjúkdóma,

d) Verklegt:

Matargerð,
hannyrðir,
ullarvinna,
jurtalitun,
hrosshársvinna,
smíðar,
tálgun í tré,
korta- og pappírsgerð,
teiknun,
málun,
leðurvinna,
blómaskreyting,
snyrting,
skartgripagerð,
tölvunotkun,

e) Skemmtanir:

Upplestur,
söngur,
hljóðfæraleikur,

dans,
samkvæmisleikir,
skák,
félagsvist,
brids,
leikþættir,

8.0 Stjórnsýsluleg staða - Verkefnisaðilar.

Með hliðsjón af því að hér er um að ræða dvalar- og fræðasetur, sem tengist málaflokkum þriggja ráðuneyta, þ.e. heilbrigðisráðuneytis, menntamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis, er eðlilegt að þessi þrjú ráðuneyti komi að verkefninu. Auk þess er eðlilegt að Samtök íslenskra sveitarfélaga komi að því.

Stofnuð verði sérstök stjórn dvalar- og fræðasetursins, sem í eiga sæti fulltrúar framangreindra aðila, fulltrúi Landssambands eldri borgara og fulltrúi Dalabyggðar. Stjórninni verði falið að fara með yfirstjórn setursins.

Stjórnin skal sjá um undirbúning verkefnisins.

9.0 Áfangar

Gert er ráð fyrir að hér verði um að ræða tilraunaverkefni sem standi yfir í þrjú ár sbr. tölulið 6. Að þeim tíma liðnum verði staðan endurmetin.

Gerð verði framkvæmdaáætlun með skilgreindum áföngum.

Við undirbúning verkefnisins verði farið yfir alla þá þætti sem skipta máli.

10.0 Fjárhagsáætlun

Gert er ráð fyrir að annar kostnaður, en vegna ferða og upphalds, við rekstur setursins komi úr ríkissjóði og skiptist á milli heilbrigðisráðuneytisins, menntamálaráðuneytisins og félagsmálaráðuneytisins.

Áætlað er að kostnaður á næsta ári verði um kr. 10 millj. Að auki er gert ráð fyrir að kostnaður við undirbúning verði kr. 2 millj., eða samtals kostnaður vegna ársins 2001 kr. 12 millj.

Gert er ráð fyrir að viðkomandi sveitarfélög og einstaklingar standi undir kostnaði vegna ferða og upphalds dvalargesta.

Gert er ráð fyrir frekari útfærslu kostnaðar ef hugmyndin fær brautargengi.

11.0 Þróun og miðlun reynslu

Gert er ráð fyrir að allt verkefnið verði skráð og metið og upplýsingar um það kynntar. Mikilvægt er að meta reynsluna af því að auka þjónustu við þá einstaklinga sem hér um ræðir. Vanda þarf og skilgreina hvern áfanga, meta hann og lýsa.

12.0 Almennar upplýsingar.

Í Dalabyggð bjuggu 1. desember 1999 alls 680 íbúar.

Í Búðardal er rekinn grunnskóli, sem að mestu er skipaður kennurum með réttindi. Öll leikfímikennsla og sundkennsla við skólann fer fram á Laugum.

Frá Reykjavík að Laugum er um 165 km. Allir vegir á leiðinni eru með bundnu slitlagi nema um 14 km kafli yfir Bröttubrekku. Samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun á að

þjóða út lagningu nýs vegar um þann kafla í desember 2000 og verklok eru áætluð seinni part árs 2002.

Segja má að vegir liggi til allra átta frá Dalabyggð.

Dalásýsla býður upp á marga sögufræga staði eins og t.d. Eiríksstaði í Haukadal.

Í Búðardal er góður fjarfundabúnaður til staðar.

Í Búðardal er heilsugæslustöð með tveimur læknum og tveimur hjúkrunarfæðingum.

Auk þess má nefna að þar er verslun, banki, sýslumaður og stjórnsýsla sveitarfélagsins.